**Dags og tími,** 10.02.2025, fundur 1/2025.
Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til 14:45
Fundarstjórn – KÓG
Ritun fundargerðar- KÓG

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður.

**Mættir**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður.

**<u>Dagskrá - fundargerð</u>**

1. Nýir aðalmenn í Almannavarnanefnd boðnir velkomnir til starfa:
    a. Dagmar Ýr Stefánsdóttir sveitarstjóri Múlaþings
    b. Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
    a. Engar athugasemdir.

3. Neyðarlínan/heimsókn/kynning á fyrirhuguðum verkefnum Neyðarlínu á Austurlandi og varðar uppsetningu Tetra senda. (Jón Svanberg Hjartarson, Magnús Hauksson og Sigurður Ingi Hauksson.)
    a. Uppsetning Tetra senda á viðkvæmum stöðum á Austurlandi, næstu skref
        i. Búið að stækka Tetra kerfið, - uppsetning á nýjum sendum fylgir vegaframkvæmdum fyrst og fremst svo sem á Fagradal og Öxi.
            1. Búið að leggja niður Fjarskiptasjóð og í fáa sjóði að sækja sem stendur
        ii. Ábyrgð á uppsetningu senda liggur hjá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

        iii. Unnið er að verkefni er varðar Tetra og farsímasamband á Austurlandi af hálfu SSA – Austurbrúar.
            1. Forgangsröðun þar í gangi og munu eftir atvikum í samráði við almannavarnanefnd, þrýsta á framkvæmdir
    b. Þremenningunum frá Neyðarlínu þökkuð kærlega heimsóknin á fundinn, - fundarmenn sammála um að vera í góðu samstarfi við að þétta Tetra - og fjarskiptanet fjórðungsins sem mest.

4. Fjárhagsstaða almannavarnanefndar – kynning
    a. Farið stuttlega yfir fjárhagsstöðu nefndarinnar, - verður skoðað betur á næstunni hvernig fjármunum nefndarinnar verði best varið. (MMS)

5. Náttúruvá frá síðasta fundi, haldinn í okt. 2024
    a. Rýmingar – janúar 2025 (Neskaupstaður og Seyðisfjörður)
        i. Rýnifundur var haldinn 24. jan., - unnið að því að skrásetja niðurstöðuna
            1. Almannavarnasvið RLS þegar haldið rýni vegna þessa verkefnis.
    b. Almannavarnaástand vegna vatnsveðurs á suðurfjörðum, á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði dagana 31. jan. til 1. feb.
        i. Verkefni þetta fremur umfangslítið. Ekki talin ástæða til, af hálfu almannavarnasviðs RLS, að halda rýni vegna þess.
    c. Óveður um land allt dagana 5. og 6. feb., - mikið tjón á Stöðvarfirði
        i. Rýni fyrirhugað fljótlega af hálfu almannavarnasviðs RLS.
            1. Rýni haldin áður í héraði.

6. Æfing/kynning 28. janúar, - Öskjugos / öskugos
    a. Umræður – næstu skref – viðbrögð m.v. til upplýsinga á fundinum
        i. Sjá fylgiskjal, - verður rætt betur á næsta fundi almannavarnanefndar
    b. Næsta æfing, - gert er ráð fyrir að hún verði haldin í maí
        i. Á hvað skal þá leggja áherslu?
            1. Gróðureldar – kynning á viðbragðsáætlun
                a. Áb. HGE

7. Verkefni til skoðunar í kjölfar rýminga í nóv. 2024
    a. Fjarðabyggð með lokunarskilti/slár á sínu borði til lokunar á vegarkafla á rýmingarreit NE01 og 02.
        i. Vegagerðin er að endurnýja sínar slár, Fjarðabyggð skoðar samstarf, ætti að skýrast fljótlega hvort og þá hvenær.
    b. Fjarðabyggð skoðar möguleikann á að setja upp myndavélavöktun á vegarkaflann
        i. Er í skoðun
    c. Fundur var í síðustu viku með Veðurstofu og Síldarvinnslunni m.a. um möguleikann á að sprengja hengjur ofan við rýmingarreit NE01 og NE02.
        i. JBH ritar minnisblað
8. Ferjuhúsið á Seyðisfirði sem aðgerðarstjórnstöð, breyting / skoða
    a. BI fer yfir með sínu fólki og gerir drög að samstarfssamningi Múlaþings við almannavarnir um aðgang að ferjuhúsinu sem aðgerðastjórnstöð/vettvangsstjórn.

        i. Verður tekið fyrir á næsta fundi

9. Vinna JBH á vegum almannavarnanefndar – kynning
    a. Vettvangsstjórnstöðvar í húsakynnum björgunarsveita?
        i. Komin gróf mynd af búnaði björgunarsveitarhúsa og aðstöðu, verið að skoða og meta þörf á viðbótum til að björgunarsveitarhúsin geti virkað sem vettvangsstjórnstöðvar
            1. Þarf að skoða betur og meta í samstarfi við björgunarsveitirnar, - en mesta þörfin sýnist vera á stórum skjáum sem nýtast við vettvangsstjórn/aðgerðastjórn

10. Framhald síðasta fundar
    a. Æfing er snýr að heimilisofbeldismálum fyrirhuguð þar sem stofnanir fara yfir og freista þess að smyrja samstarfið sín á milli, - er gert í anda almannavarnaæfinga og er áhugavert hvernig verklag eins getur yfirfærst og nýst öðrum.
        i. Verður haldin 19. feb. nk. (MMS)

11. Önnur mál
    a. Engin sérsök

12. Næsti fundur 10. mars 2025 kl. 13:30

-------

**Verkefni í bið**

- Hópslys í fjalllendi
    a. Vinna hefst þegar viðbragðsáætlun vegna snjóflóða á skíðasvæðum lýkur

- Snjóflóð á skíðasvæðum
    b. Fyrri bókanir:
        i. Viðbragðsáætlun í vinnslu, stefnt að því að henni verði lokið í október nk.
        ii. Fræðsla / þjálfun
            1. Sameiginleg skref þegar verið stigin, unnið að því að skipuleggja þann þátt til framtíðar
        iii. Búnaðarmál

1. Þegar verið gerð gangskör að því að bæta búnað á skíðasvæðum. Þarfagreining í gangi.

iv. Verklag – skipulag

1. Farið að vinna eftir breyttu verklagi. Ítarlegra verklag þó enn í vinnslu.

v. Vonir standa til að allri vinnu er lýtur að snjóflóðaeftirliti og vörnum á skíðasvæðum verði lokið fyrir áramót.

- Áætlanir
  - Gróðureldar. (Slökkvilið Múlaþings.)

  - Einungis einn sjúkrabíll á Djúpavogi og sá næsti svo á Breiðdalsvík. Mikið álag á stundum á Djúpavogi þegar stór skemmtiferðaskip eru á svæðinu. Þarf að gera ráðstafanir vegna þessa?
    - Múlaþing skoðar (BI)
      - Verður tekið fyrir síðar í haust og metið hvort ástæða sé til aðgerða

-

- Endurskoðun almannavarnalaga

vi. Engin tíðindi, bíður að líkindum nýs ráðherra að leggja lokahönd á það verk

- **Erindi frá Múlaþing**

c. **Borgarfjörður**

i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**

1. Efla sérúrræði fyrir þau sem eru langt frá heilbrigðisþjónustu.
2. Allir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að hafa aðgang að t.d. hjartastuðtæki.
3. Samnýting búnaðar milli slökkviliðs, björgunarsveitar og HSA. Ákveðið utanumhaldsleysi og samskipti ekki skipulögð milli þessara aðila.
4. Björgunarsveitarbílarnir hafa ekki aðbúnað til að ferja sjúklinga.
5. Búnaður í eigu björgunarsveitar fer jafnvel með sjúkrabílum þegar sjúklingar eru fluttir og erfitt að nálgast hann aftur.
6. Koma þessu á heimastjórn og koma skipulagi á þessi mál.

---------------

7. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu. (Múlaþing/HSA og fl.)

d. **Djúpivogur**

i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**

1. Þurfum að bæta lögregluviðveru, sérstaklega þegar það eru skemmtiferðaskip í landi.
   Þurfum ekki nema einn slasaðan einstakling, þá er sjúkrabílinn farinn og enginn annar til staðar.

Sveitarfélagið greini þetta og átti sig á því hvað þarf að vera á staðnum.

--------------

2. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu.

**Dags og tími,** 10.03.2025, fundur 2/2025.
Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til 14:15
Fundarstjórn – MMS
Ritun fundargerðar- MMS

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.
Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður.

**Mættir**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Gunnar Jónsson, Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar ,
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.
Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður.

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn – varaformaður, boðaði forföll
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings, boðaði forföll

**<u>Dagskrá - fundargerð</u>**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
   Samþykkt,
   Reikningar vegna Almannavarnarnefndar verða sendir út í mars vegna 2025.

2. Fulltrúar Veðurstofu mæta á fundinn
   Mættir eru Helga Ívarsdóttir og Kristín Hermannsdóttir starfsmenn frá Veðurstofu sem tilheyra sviði um veðurþjónustu og náttúruvárvöktunar.

   Á rýnifundi sem haldinn var með viðbragðsaðilum í umdæminu eftir óveður dagana 5. og 6. febrúar og olli miklu tjóni á Stöðvarfirði, komu fram vangaveltur um það hvort hægt hefði verið, í aðstæðum sem þessum, að gera nákvæmari staðarspá og sjá þannig fyrir í hvað stefndi á Stöðvarfirði. .
   Kynntu nokkrar glærur og í lokaglæru stendur

   Illviðri
   Getur Veðurstofan geti gefið staðbundnari viðvaranir? – Stutta svarið er - Nei
   Veðurspár og mælinet hefur ekki nægjanlega upplausn
   - Rannsaka yrði hvern stað sérstaklega
   - Saga hvers þéttbýlis
   - Hver gráða í vindátt skiptir máli

- Landslag
- Þétt mælinet
- Rannsóknir
- Veðurlíkön með meiri upplausn og nákvæmara yfirborðskorti
- Kostnaður mikill
- Þörf á miklu mannafli
- Árangur og áreiðanleiki óviss

Rætt var um hvað myndi kosta að koma upp veðurstöð í Stöðvarfirði. Þær ætla að senda upplýsingar um það til MMS. Umræða átti sér stað um einkastöðvar sem eru ekki jafn nákvæmar.

> Eftirfarandi barst eftir fundinn: Áætlaður kostnaður er vegna tækjakaupa, ál-gitter-mastri um 2 m.kr., kostnaður við rafmagn og jarðvinnu 0,5 m.kr. og vinnuliður og ferðir starfsmanna til uppsetningar, um 1 m.kr. Kostnaður við uppsetningu stöðvar er því samtals um 3.5 m.kr. + vsk.

Þá var spurt um hvað eigi að gera þegar að um rauða veðurviðvörun er að ræða. Bent var á þær leiðbeiningar sem eru til á Höfuðborgarsvæðinu.

3. Næsta æfing almannavarna
    a. Verður haldin í 6. maí – gróðureldar.
        i. Fundarboð verið sent

4. Æfing er snýr að heimilisofbeldismálum haldin 19. feb.
    a. Farið var yfir fundinn og helstu niðurstöður kynntar.

    Jón Björn og Gunnar Jónsson viku af fundi þar sem að þeir áttu annan fund.

5. Framhald frá síðasta fundi:
    a. Tetra og fjarskiptasamband í umdæminu
        i. Vísað til síðasta fundar þar sem fram kom m.a. að SSA- Austurbrú vinnur að verkefni er varðar Tetra og farsímasamband í umdæminu.
            1. Væri það rétt að SSA héldi utan um þessa vinnu og ýtti áfram þannig að sama verkefnið sé ekki í gangi á tveimur stöðum?

            Fundarmenn almennt sammála um að gott sé að SSA sinni þessu og nota þau sem þrýstihóp. Tryggja samskipti milli þeirra og almannavarnarnefndarinnar.

    b. Fjarðabyggð með lokunarskilti/slár á sínu borði til lokunar á vegarkafla á rýmingarreit NE01 og 02.
        i. Vegagerðin er að endurnýja sínar slár, Fjarðabyggð skoðar samstarf, ætti að skýrast fljótlega hvort og þá hvenær.
            1. Staðan?

    Umræðu fresta

c. Fjarðabyggð skoðar möguleikann á að setja upp myndavélavöktun á vegarkaflann
    i. Staðan?

Umræðu frestað

d. Fundur var fyrir nokkru með Veðurstofu og Síldarvinnslunni, m.a. um möguleikann á að sprengja hengjur ofan við rýmingarreit NE01 og NE02.
    i. JBH ritar minnisblað
        1. Staðan?

Umræðu frestað

e. Ferjuhúsið á Seyðisfirði sem aðgerðarstjórnstöð, breyting / skoða
    i. BI fer yfir með sínu fólki og gerir drög að samstarfssamningi Múlaþings við almannavarnir um aðgang að ferjuhúsinu sem aðgerðastjórnstöð/vettvangsstjórn.
        1. Staðan?

        Nýbúið að funda um þessi mál með ríkiseignum og umræða verður tekin upp síðar

f. Vinna JBH á vegum almannavarnanefndar – kynning
    i. Vettvangsstjórnstöðvar í húsakynnum björgunarsveita?
        1. Komin gróf mynd af búnaði björgunarsveitarhúsa og aðstöðu, verið að skoða og meta þörf á viðbótum til að björgunarsveitarhúsin geti virkað sem vettvangsstjórnstöðvar
            a. Þarf að skoða betur og meta í samstarfi við björgunarsveitirnar, - en mesta þörfin sýnist vera á stórum skjáum sem nýtast við vettvangsstjórn/aðgerðastjórn

            Staðan?

            Frestað

g. Einungis einn sjúkrabíll á Djúpavogi og sá næsti svo á Breiðdalsvík. Mikið álag á stundum á Djúpavogi þegar stór skemmtiferðaskip eru á svæðinu. Þarf að gera ráðstafanir vegna þessa?
    i. Múlaþing skoðar (DÝS)

    Fresta til næstar fundar

6. Önnur mál
    a. Engin sérsök

7. Næsti fundur verður haldinn 12. maí 2025.

Fundi slitið.

-------

**Verkefni í bið**

- Hópslys í fjalllendi
    a. Vinna hefst þegar viðbragðsáætlun vegna snjóflóða á skíðasvæðum lýkur

- Snjóflóð á skíðasvæðum
    b. Fyrri bókanir:
        i. Viðbragðsáætlun í vinnslu, stefnt að því að henni verði lokið í október nk.
        ii. Fræðsla / þjálfun
            1. Sameiginleg skref þegar verið stigin, unnið að því að skipuleggja þann þátt til framtíðar
        iii. Búnaðarmál
            1. Þegar verið gerð gangskör að því að bæta búnað á skíðasvæðum. Þarfagreining í gangi.
        iv. Verklag – skipulag
            1. Farið að vinna eftir breyttu verklagi. Ítarlegra verklag þó enn í vinnslu.
        v. Vonir standa til að allri vinnu er lýtur að snjóflóðaeftirliti og vörnum á skíðasvæðum verði lokið fyrir áramót.
- Áætlanir
    o Gróðureldar. (Slökkvilið Múlaþings.)

-
- Endurskoðun almannavarnalaga
    vi. Engin tíðindi, bíður að líkindum nýs ráðherra að leggja lokahönd á það verk

- **Erindi frá Múlaþing**
    c. **Borgarfjörður**
        i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**
            1. Efla sérúrræði fyrir þau sem eru langt frá heilbrigðisþjónustu.
            2. Allir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að hafa aðgang að t.d. hjartastuðtæki.
            3. Samnýting búnaðar milli slökkviliðs, björgunarsveitar og HSA. Ákveðið utanumhaldsleysi og samskipti ekki skipulögð milli þessara aðila.
            4. Björgunarsveitarbílarnir hafa ekki aðbúnað til að ferja sjúklinga.
            5. Búnaður í eigu björgunarsveitar fer jafnvel með sjúkrabílum þegar sjúklingar eru fluttir og erfitt að nálgast hann aftur.
            6. Koma þessu á heimastjórn og koma skipulagi á þessi mál.

---------------

7. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu. (Múlaþing/HSA og fl.)

d. **Djúpivogur**

i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**

1. Þurfum að bæta lögregluviðveru, sérstaklega þegar það eru skemmtiferðaskip í landi.
   Þurfum ekki nema einn slasaðan einstakling, þá er sjúkrabílinn farinn og enginn annar til staðar.
   Sveitarfélagið greini þetta og átti sig á því hvað þarf að vera á staðnum.
   --------------

2. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu.

**Dags og tími,** 12.05.2025, fundur 3/2025.
Fundur frá kl. 13:30 til 14:38
Fundarstjórn – KÓG
Ritun fundargerðar- KÓG

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Páley Borgþórsdóttir, starfandi lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

**Mættir**

Páley Borgþórsdóttir, starfandi lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

**<u>Dagskrá - fundargerð</u>**

1. Breyting á skipan í almannavarnanefnd
    a. Margrét María Sigurðardóttir, formaður nefndarinnar, horfin til annarra starfa.
    b. Páley Borgþórsdóttir, starfandi lögreglustjóri á Austurlandi, kemur inn í nefndina í hennar stað

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
    a. Samþykkt

3. Reikningar vegna Almannavarnarnefndar sendir út í mars síðastliðnum
    a. Athugasemdir.
        i. Ekki athugasemdir, - sveitarfélög fara yfir stöðuna sín megin.

4. Framhald síðasta fundar
    a. Nákvæmari veðurspá – vangaveltur eftir óveður dagana 5. – 6. febrúar sem olli miklu tjóni á Stöðvarfirði
        i. Áætlaður kostnaður vegna búnaðarkaupa, ef auka þarf gæði á staðarspám, er um þrjár og hálf milljón krónu auk vsk. Sjá síðustu fundargerð.

1. JÁÞ/KÓG falið að rita bréf til Veðurstofu þar sem kannaður verði möguleikinn á, í ljósi aðstæðna á Stöðvarfirði dagana 5.-6. febrúar, að auka við mælakerfi á svæðinu til að bæta spár.

ii. Rauð veðurviðvörun, samræmt verklag á landsvísu, til að mynda varðandi skólahald.

1. KÓG kannaði í kjölfarið möguleikann á að fá kynningu á verklagi slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, - fulltrúi þaðan, Ívar Sveinbjörn Schram, mun mæta á næsta fund almannavarnanefndar, kynna verklagið og svara spurningum.

b. Tetra og fjarskiptasamband í umdæminu

i. SSA- Austurbrú vinnur að verkefni er varðar Tetra- og farsímasamband í umdæminu.

1. Er SSA- Austurbrú komin með þetta verkefni og heldur almannavarnanefnd upplýstri?

a. Kannað í kjölfar fundarins, þann 13.05.2025, hver staðan er hjá Austurbú. (Urður Gunnarsdóttir.)

i. Ályktun var send frá Austurbrú fyrir nokkru til stjórnvalda. Mál er varðar fjarskiptasamband á svæðinu enn til skoðunar þar.

1. Verður tekið fyrir á næsta fundi almannavarnanefndar þar sem næstu skref, mögulega í samráði og samstarfi við Austurbrú, verða rædd og eftir atvikum ákveðin.

c. Fjarðabyggð með lokunarskilti/slár á sínu borði til lokunar á vegarkafla á rýmingarreit NE01 og 02. (JÁÞ)

i. Staðan

1. Lítið gerst í þessu – vinna hjá Vegagerð í gangi en óafgreitt.

a. Gæti fylgt með svipaðri umræðu um lokanir á hafnarsvæðinu.

b. Er í skoðun.

d. Fjarðabyggð skoðar möguleikann á að setja upp myndavélavöktun á vegarkaflann (JÞÁ)

i. Staðan

1. Er í skoðun hjá Fjarðabyggð

e. Fundur með Veðurstofu, Síldarvinnslunni og fleirum um möguleikann á að sprengja hengjur ofan við rýmingarreit NE01 og NE02.

i. Almannavarnanefnd beðið minnisblaðs vegna þessa en litið svo á að slíkt verklag hugnist ekki sérfræðingum Veðurstofu. Verður tekið upp að nýju ef frekari upplýsingar berast.

f. Ferjuhúsið á Seyðisfirði sem aðgerðarstjórnstöð, breyting / skoða
    i. BI fer yfir með sínu fólki og gerir drög að samstarfssamningi Múlaþings við almannavarnir um aðgang að ferjuhúsinu sem aðgerðastjórnstöð/vettvangsstjórn.
        1. DÝS með þetta í skoðun, verður rætt á næsta fundi.

g. Vinna JBH á vegum almannavarnanefndar – kynning
    i. Vettvangsstjórnstöðvar í húsakynnum björgunarsveita / viðbragðsáætlanir og fl.
        1. Staðan?
            a. Var í vinnslu fyrir áramót en tíðindalaust sem stendur. Tekið upp aftur þegar/ef starfsmaður verður að nýju ráðinn til starfa að almannavarnamálum.

h. Einungis einn sjúkrabíll á Djúpavogi og sá næsti svo á Breiðdalsvík. Mikið álag á stundum á Djúpavogi þegar stór skemmtiferðaskip eru á svæðinu. Þarf að gera ráðstafanir vegna þessa?
    i. Múlaþing skoðar (DÝS)

5. Æfing/kynning á vegum viðbragðsaðila þann 6. maí sl.
    a. Gróðureldar (HH)
        i. Góð og gagnleg yfirferð um áætlunina. Eftirfarandi ákveðið á þeim fundi og sent viðbragðsaðilum:
            Ljúka viðbragðs-/atvikaáætlun um gróðurelda
                a. Stefnt að því að hún verði tilbúin til kynningar eigi síðar en í júní nk.
            2. Kynning til íbúa og hagsmunaaðila fari fram í kjölfarið
            3. Rýnd helstu áhyggjuefni sem upp hafa komið í vinnu að viðbragðsáætluninni, svo sem mögulegan vatnsskort á tilteknum svæðum, flóttaleiðir og fleira
                a. Úrbóta/viðbragða leitað
        ii. Athygli vakin á því af hálfu slökkviliðsstjóra Múlaþings að nú séu efni til að vara við aukinni hættu á gróðureldum í umdæminu vegna hita og þurrka.
            1. Fréttatilkynning send að morgni 13.05. frá almannavarnanefnd sem svo var tekin upp í fjölmiðlum. Sjá t.a.m. hér; Brýna fyrir Austfirðingum að fara afar varlega með eld sökum þurrka
    b. Næsta æfing fyrirhuguð í sept. / okt. Á eftir að ákveða efni og senda fundarboð
        i. Eftirfarandi lagt til, æfing slyss við Hengifoss / Stuðlagil – æfing
            1. Fer til skoðunar. (KÓG)

6. Endurskoðun almannavarnalaga
    a. Tíðindi fá, - frumvarp að líkindum tekið til umræðu á haustþingi.

7. Önnur mál
    a. JÁÞ - ráðstefna nýverið á Ísafirði um ofanflóð
        i. Mjög góð ráðstefna

ii. Lagt til að við stefnum að því að fá næstu ráðstefnu hingað Austur (JÁÞ)

8. Næsti fundur haldinn 10. júní kl. 13:30

-------

**Verkefni í bið**

- Hópslys í fjalllendi

    a. Vinna hefst þegar viðbragðsáætlun vegna snjóflóða á skíðasvæðum lýkur

- Snjóflóð á skíðasvæðum

    b. Fyrri bókanir:

        i. Viðbragðsáætlun í vinnslu, stefnt að því að henni verði lokið í október nk.

        ii. Fræðsla / þjálfun

            1. Sameiginleg skref þegar verið stigin, unnið að því að skipuleggja þann þátt til framtíðar

        iii. Búnaðarmál

            1. Þegar verið gerð gangskör að því að bæta búnað á skíðasvæðum. Þarfagreining í gangi.

        iv. Verklag – skipulag

            1. Farið að vinna eftir breyttu verklagi. Ítarlegra verklag þó enn í vinnslu.

        v. Vonir standa til að allri vinnu er lýtur að snjóflóðaeftirliti og vörnum á skíðasvæðum verði lokið fyrir áramót.

-

- **Erindi frá Múlaþing**

    c. **Borgarfjörður**

        i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**

            1. Efla sérúrræði fyrir þau sem eru langt frá heilbrigðisþjónustu.
            2. Allir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að hafa aðgang að t.d. hjartastuðtæki.
            3. Samnýting búnaðar milli slökkviliðs, björgunarsveitar og HSA. Ákveðið utanumhaldsleysi og samskipti ekki skipulögð milli þessara aðila.
            4. Björgunarsveitarbílarnir hafa ekki aðbúnað til að ferja sjúklinga.

5. Búnaður í eigu björgunarsveitar fer jafnvel með sjúkrabílum þegar sjúklingar eru fluttir og erfitt að nálgast hann aftur.
6. Koma þessu á heimastjórn og koma skipulagi á þessi mál.

---------------

7. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu. (Múlaþing/HSA og fl.)

d. **Djúpivogur**

i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**

1. Þurfum að bæta lögregluviðveru, sérstaklega þegar það eru skemmtiferðaskip í landi.
   Þurfum ekki nema einn slasaðan einstakling, þá er sjúkrabílinn farinn og enginn annar til staðar.
   Sveitarfélagið greini þetta og átti sig á því hvað þarf að vera á staðnum.
   --------------
2. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu.

**Dags og tími,** 10.06.2025, fundur 4/2025.
Fundur frá kl. 13:30 til 14:30
Fundarstjórn – KÓG
Ritun fundargerðar- KÓG

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Páley Borgþórsdóttir, starfandi lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

**Mættir**

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Gunnar Jónsson, staðgengill bæjarstjóra í Fjarðabyggð
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

Aðrir boðuðu forföll.

**Dagskrá - fundargerð**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
    a. Samþykkt

2. Rauð veðurviðvörun – samræmd viðbrögð á landsvísu, til að mynda varðandi það að fella niður skólahald / lokun. (Framhald síðasta fundar.)
    a. Ívar Sveinbjörn Schram og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins/almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins mæta á fund nefndarinnar til að kynna verklag á höfuðborgarsvæðinu í slíkum aðstæðum.
        i. Fram kom að þó skólahald falli niður eru skólarnir ávallt opnir, svo sem til að taka á móti börnum viðbragðsaðila og þeim börnum er týnast inn í skólahúsnæði af ýmsum ástæðum þrátt fyrir niðurfellingu skólahalds. Litið á þetta sem öryggisatriði fyrir börnin
        ii. Ávallt ákvörðun fræðsluyfirvalda að fella niður skólahald, ekki almannavarnanefndar
        iii. Ævinlega sameiginleg/samræmd ákvörðun fyrir alla skóla höfuðborgarsvæðisins.
        iv. Hafa útbúið upplýsingabækling á netinu fyrir skóla, foreldra og fleiri þar sem farið er yfir viðbrögð við mismunandi veðurviðvörunum þannig að allir hlutaðeigandi hafi sömu upplýsingar og leiðbeiningar að fylgja.
            1. Þau Ívar og Þóra munu senda almannavarnanefnd Austurlands bæklinginn til skoðunar og þóknanlegra nota.

3. Reikningar vegna Almannavarnarnefndar sendir út í mars síðastliðnum
    a. Engar athugasemdir

4. Framhald síðasta fundar
    a. Nákvæmari veðurspá – vangaveltur eftir óveður dagana 5. – 6. febrúar sem olli miklu tjóni á Stöðvarfirði
        i. JÁÞ/KÓG rita bréf til Veðurstofu þar sem kannaður verði möguleikinn á, í ljósi aðstæðna á Stöðvarfirði dagana 5.-6. febrúar, að auka við mælakerfi á svæðinu til að bæta spár.
            1. Er í vinnslu

    b. Tetra og fjarskiptasamband í umdæminu
        i. Tetra- og farsímasamband í umdæminu.
            1. Unnið að þessu verkefni af hálfu SSA Austurbrúar.
                a. Austurbrú, UG, verið í sambandi við Fjarskiptastofu, - viðrað áhyggjur vegna ferðamanna í sumar á svæðum þar sem fjarskiptasamband er lítið sem ekkert.
                    i. Svar fjarskiptastofu:
                    *„Við héldum annað samráð í kjölfarið á því fyrra. https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/Fr%C3%A9ttir/fjarskiptastofa-bodar-til-samrads-um-breyttar-forsendur-og-skilyrdi-fyrir-uppbyggingu-farneta-a-stofnvegum-og-nytingu-tidnisvids-fyrir-neydar-og-oryggisfjarskipti Stærsta áskorunin er sú að Öryggisfjarskipti sem áttu að leggja til fjórðung fjárfestinga í verkefninu hafa ekki fengið neitt fjármagn til þess og það er ekki í sjónmáli að það verði settur peningur í þetta. Þess vegna eru áherslur í nýjasta samráðinu nokkuð breyttar. Nú verðum við að gera ráð fyrir að Öryggisfjarskipti verði ekki með í fjárfestingahlutanum og því þarf að skera verkefnið niður sem nemur a.m.k. fjórðungi. Þessu er nánar lýst í samráðsskjalinu frá 1. apríl. Við erum að vinna úr seinna samráðinu á þessari stundu. Að öllu óbreyttu á ég ekki von á því að það bætist við margir sendastaðir í sumar, þar sem næsta áfanga, 98% dekkun stofnvega fyrir árslok 2025, hefur næstum verið náð nú þegar."*
            2. Næstu skref?
                a. Skoða sameiginlega ályktun SSA og almannavarnanefndar og freista þess að fá fund með stjórnvöldum um mikilvægi þess að þétta net fjarskipta – símasambands, ekki síst á fjölsóttum ferðamannastöðum og eins á vegakerfinu þar sem víða er pottur brotinn. (KÓG verður í sambandi við UG hjá SSA vegna þessa.)

c. Fjarðabyggð með lokunarskilti/slár á sínu borði vegna vegarkafla á rýmingarreit NE01 og 02. (JÁÞ)
    i. Staðan?
        1. Samtal verið í gangi við Vegagerðina – ekki útilokað að hún taki þetta verkefni upp á sína arma.
            a. Fundur fyrirhugaður fljótlega þar sem línur ættu að skýrast. Verður rætt á næsta fundi. Viðbragðið auk þess metið.

d. Fjarðabyggð skoðar möguleikann á að setja upp myndavélavöktun á vegarkaflann (JÁÞ)
    i. Staðan
        1. Samtal verið í gangi við Vegagerðina – ekki útilokað að hún taki þetta verkefni upp á sína arma.
            a. Fundur fyrirhugaður fljótlega þar sem línur ættu að skýrast. Verður rætt á næsta fundi. Viðbragðið auk þess metið.

e. Ferjuhúsið á Seyðisfirði sem aðgerðarstjórnstöð, breyting / skoða
    i. Verið að skoða samstarfssamning Múlaþings við almannavarnir um aðgang að ferjuhúsinu sem aðgerðastjórnstöð/vettvangsstjórn.
        1. Staðan óljós sem stendur varðandi uppbyggingu á húsnæði fyrir almannavarnir/viðbragðsaðila. DÝS skoðar með BI fyrrum bæjarstjóra og metur.
            a. Verður tekið fyrir á næsta fundi.

f. Starfsmaður almannavarnanefndar / RLS – hvernig stendur það
    i. Er í skoðun hjá RLS

g. Einungis einn sjúkrabíll er á Djúpavogi og sá næsti á Breiðdalsvík. Mikið álag á stundum á Djúpavogi þegar stór skemmtiferðaskip eru á svæðinu. Þarf að gera ráðstafanir vegna þessa?
    i. Verður skoðað með heildstæðum hætti varðandi viðbragð almennt í umdæminu sem brýnt er að efla.

h. Gróðureldar / viðbragðsáætlun (HH)
    i. Staðan
        1. Stefnt að því að ljúka viðbragðsáætlun og kynna í þessum mánuði.

i. Næsta skrifborðsæfing fyrirhuguð í sept. / okt.
    i. Efni hennar ákveðið á næsta fundi

j. Tillaga komin um æfingu viðbragðs vegna slyss við Hengifoss / Stuðlagil
    i. Til skoðunar, - ábyrgð (KÓG / SHOZ)

5. Önnur mál
    a. Engin

6. Næsti fundur haldinn 8. sept. 2025

-------

**Verkefni í bið**

- Hópslys í fjalllendi
    a. Vinna hefst þegar viðbragðsáætlun vegna snjóflóða á skíðasvæðum lýkur

- Snjóflóð á skíðasvæðum
    b. Fyrri bókanir:
        i. Viðbragðsáætlun í vinnslu, stefnt að því að henni verði lokið í október nk.
        ii. Fræðsla / þjálfun
            1. Sameiginleg skref þegar verið stigin, unnið að því að skipuleggja þann þátt til framtíðar
        iii. Búnaðarmál
            1. Þegar verið gerð gangskör að því að bæta búnað á skíðasvæðum. Þarfagreining í gangi.
        iv. Verklag – skipulag
            1. Farið að vinna eftir breyttu verklagi. Ítarlegra verklag þó enn í vinnslu.
        v. Vonir standa til að allri vinnu er lýtur að snjóflóðaeftirliti og vörnum á skíðasvæðum verði lokið fyrir áramót.

- **Erindi frá Múlaþing**
    c. **Borgarfjörður**
        i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**
            1. Efla sérúrræði fyrir þau sem eru langt frá heilbrigðisþjónustu.
            2. Allir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að hafa aðgang að t.d. hjartastuðtæki.
            3. Samnýting búnaðar milli slökkviliðs, björgunarsveitar og HSA. Ákveðið utanumhaldsleysi og samskipti ekki skipulögð milli þessara aðila.
            4. Björgunarsveitarbílarnir hafa ekki aðbúnað til að ferja sjúklinga.

5. Búnaður í eigu björgunarsveitar fer jafnvel með sjúkrabílum þegar sjúklingar eru fluttir og erfitt að nálgast hann aftur.
6. Koma þessu á heimastjórn og koma skipulagi á þessi mál.

---------------

7. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu. (Múlaþing/HSA og fl.)

d. **Djúpivogur**

i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**

1. Þurfum að bæta lögregluviðveru, sérstaklega þegar það eru skemmtiferðaskip í landi.
Þurfum ekki nema einn slasaðan einstakling, þá er sjúkrabílinn farinn og enginn annar til staðar.
Sveitarfélagið greini þetta og átti sig á því hvað þarf að vera á staðnum.

--------------

2. Ákveðið að atriðin hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu.